

7

4. febr.

OPIÐ BRÉF,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 16. febrúar 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska ríkis frá 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 16. febrúar 1942.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og mun ég þá setja Alþingi eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

8

4. febr.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það, sem hér fer á eftir:

Í 17. gr. laga nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, er svo ákveðið að í kaupstöðum utan Reykjavíkur sé formaður skattanefndar jafnframt formaður niðurjöfnunarnefndar, en í Reykjavík sé skattstjóri formaður niðurjöfnunarnefndar. Hér kemur fram algert ósamræmi, þar sem lög nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, mæla svo fyrir, að bæjarstjóri, sem kosinn er af bæjarstjórn, skuli vera formaður skattanefndar. Virðist það því sanngjarnt og sjálfsagt, að í Reykjavík kjósi bæjarstjórn alla niðurjöfnunarnefndina, og einn nefndarmann sem formann. Hér við bætist að skattstjóraembættið og formannsstarfið í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur eru hvort um sig orðin svo umfangsmikil, að eigi getur lengur samrýmzt, að sami maður gegni þeim báðum, enda fer niðurjöfnun útsvara fram á sama tíma og ákvörðun tekju- og eignarskatts.

Þar sem niðurjöfnun útsvara hefst næstu daga í Reykjavík, telur ríkisstjórnin það mjög aðkallandi, að framangreindri skipan verði komið á tafarlaust og að ekki verði hjá því komizt að setja bráðabirgðalög í því skyni.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til þess að skipa framangreindu máli nú þegar í samræmi við það, sem að ofan segir, tel ég rétt að setja, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður skattanefndar utan Reykjavíkur er jafnframt formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess